

# Lög

## um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (flóttamenn).

---

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Flóttamenn sem stjórnvöld hafa veitt hæli og einstaklingar sem hafa dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum að því tilskildu að þeir séu komnir til landsins og fyrir liggi staðfesting Útlendingastofnunar á því að viðkomandi hafi verið veitt réttarstaða flóttamanns eða hafi dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða samkvæmt lögum um útlendinga.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Flóttamenn og einstaklingar sem hafa dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða.*

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 17. febrúar 2015.*